

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/404
komudagur 3.12.2004

Þjóðarskrifstofu bahá'ía

1. desember 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, 208. mál.

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar þrátt fyrir skamman frest.

Þjóðarráðið sér ekki ástæðu til efnislegra athugasemda við megintilgang frumvarpsins að breyta reikningsaðferðum varðandi kirkjugarðsgjald.

Hins vegar er ljóst að löggin eru í heild sinni orðin úr sér gengin en bæði reglur og orðfæri miðast við að allir grafreitir sem og útfarir séu í höndum eins trúfélags, þ.e. þjóðkirkjunnar. Grafreitir eru hinsti hvílastaður allra hvort sem þeir aðhyllast trú eða ekki eða hvaða trú sem þeir kunna að hafa tileinkað sér. Grafreitir ættu því í raun fremur að falla undir forræði sveitarfélaga en einvörðungu sóknir og stjórnkerfi eins trúfélags.

Í fjölmenningsamfélagi nútímans er orðið brýnt að haga stjórn þessara viðkvæmu mála á þann veg að fólk sé ekki mismunað, hvorki í orði né á borði, vegna trúarafstöðu. Verði farið í að vinna ný lög um grafreiti, greftrun og útfarir erum við fús til samstarfs.

Með góðum kveðjum,


Ingibjörg Daníelsdóttir ritari